



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

8. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands var haldinn kl. 10:00 mánudaginn 5. mars 2018 og var símafundur að þessu sinni.

Fundinn sátu:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Björg Árnadóttir, formaður stjórnar, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Elfa Dögg Þórðardóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Bjarni Freyr Báruson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Gunnar Þorgeirsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Sólrun Helga Guðmundsdóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Sigurlaug Gissurardóttir, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá:

- Verkefni síðastliðinn mánuð
- Verkefni framundan
- Önnur mál

[Verkefni síðastliðinn mánuð](#)

MAS samstarf (Markaðsstofur landshlutanna)

- Mannamót gekk vel en met fjöldi þátttakenda var í ár og mikil ánægja með daginn. Mikill áhugi var á viðburðinum sem skilaði sér í flottri umfjöllun um Markaðsstofurnar og viðburðinn, RÚV sendi meðal annars beint út af staðnum. Mannamót eru orðin ein stærsta ferðasýning sem haldin er á Íslandi. Fyrir liggur að sýningin verði haldin á öðrum stað á næsta ári en hún hefur verið haldin í flugskýli Flugfélagsins Ernir frá upphafi. Send verður könnun til þátttakenda áður en ný staðsetning verður valin.
- Vinna við samninga um fjármögnun næstu ára búið að taka mikinn tíma hjá framkvæmdastjóra og ekki er enn komin niðurstaða. Beðið er eftir næstu tillögu frá Ferðamálastofu.

- Önnur verkefni eru í sínum farvegi, s.s. heimasíður, app, haustráðstefna, sýningar erlendis, önnur hagsmunamál, DMO (næstu skref) og þróun/umfang DMP á okkar svæði.
- MAS fundur fór fram á Norðurlandi þar sem hópurinn hitti m.a. ýmsa aðila í ferðaþjónustu og framkvæmdastjóri hélt kynningu á þjónustu á Suðurlandi fyrir ferðaskrifstofu.

Verkefni með SASS

Áframhaldandi vinna var í teyllum, einstaka verkefnum og ráðgjöf. Óbreyttur samningur verður milli MSS og SASS í ár. Enn meiri áhersla er þessi misserin á markaðs- og menningarmál. Verið er að skipuleggja viðveru á ýmsum svæðum. Verkefni um innviðagreiningu er komin á fullt. Búið er að opna fyrir umsóknir í Uppbyggingasjóð en gerður var kynningarbæklingur um hann og fleira markaðsefni.

Stoðþjónusta upplýsingaveitu

MSS ásamt Höfuðborgarstofu og Safetravel skilaði af sér lokaskýrslu um öryggismál í verkefninu um stoðþjónustu upplýsingaveitu í lok janúar. Enn er óvíst hvort framhald verði á þessu verkefni.

Áfangastaðaáætlun DMP

Farið er að stytta í skil á áfangastaðaáætluninni en skilað verður 2. maí til Ferðamálastofu. Fundir og úrvinnsla úr þeim eru á lokastigum. Þá hafa farið fram fundir með sveitarstjórnnum, nýr Ferðamálastjóri heimsótti m.a. einn af þeim. Þá var sent út erindi til sveitarstjórna og SASS vegna samþykktarferlis. Hluti af vinnu við áfangastaðaáætlunina er að skoða aðrar áætlanir og verkefni sem eru í gangi, verkefnastjórar ásamt framkvæmdastjóra sóttu m.a. kynningarfund á landsáætlun. Í einum hluta þess verkefnis er í raun beðið eftir niðurstöðum landshlutanna í áfangastaðaáætluninum. Fundur með Samgöngunefnd (SASS) var í liðinni viku og fyrirhugaður er fundur með verkefnisstjórum Ferðamálastofu.

Vefmál, blaðamenn og fyrirspurnir

- Blaðamannaferð var skipulögð í samstarfi við Íslandsstofu í tengslum við LTG verðlaun. Ferðin gekk vel þrátt fyrir storm og ítrekaðar breytingar á plönnum.
- MSS sendir reglulega inn tillögur að efni í fréttabréf Íslandsstofa.
- Fyrirhugaðir fundir á ITB með nokkrum áhrifavöldum.

Sýningar og viðburðir

- Mid Atlantic gekk vel en um 40 fundir voru bókaðir. Faghópur um ferðamál á Suðurlandi kom að mönnum líkt og undanfarið. Suðurland var með fjórfaldan bás með svipaða uppsetningu og undanfarið og þar ríkti góð stemning. Þátttakendur voru að leita eftir ýms konar upplýsingum, t.d. afþreyingu fyrir skólahópa, fáfarnari áfangastöðum, nýjungum, samgönguleiðum auk hefðbundinna fyrirspurna um gistingu, afþreyingu og veitingar. Nokkrir töluðu einnig um að vilja staðsetja sig á Suðurlandi og fara í dagsferðir út frá þeim stað, í stað þess að gista í Reykjavík og fara í ferðir þaðan. Þetta er það sem fulltrúar Suðurlands á sýningum síðustu ára hafa einmitt lagt áherslu á í kynningu á landshlutanum. MSS sendi inn tillögur að þremur ferðum til skipuleggjenda Mid-Atlantic, sem boðið er upp á í tengslum við sýninguna, og var ein samþykkt og boðið upp á í dagskrá.

- Verið að leggja lokahönd á tillögur að ferðum fyrir VestNorden sem haldið verður á Akureyri í haust.

Íslandsstofa

Framkvæmdastjóri sótti kynningarfund vegna nýrrar herferðar vegna HM í knattspyrnu, styður m.a. við A-Ö. Tækifæri þar bæði tengd mat og fjárfestingum. Þessi tenging er í skoðun innan fjárfestingarteymis SASS.

Samfélagsmiðlar

Sahara er byrjað að vinna og birta færslur og hefur það gengið ágætlega. Fundað verður reglulega um áherslur og efni.

Kort/útgáfa

- Kort af austursvæði er komið út en það var unnið sem hluti af áhersluverkefni um samræmingu korta á Suðurlandi. Kortið er vel heppnað og látið vel af því.
- Búið að vinna bækling þar sem áhersla er á kynningu á afþreyingu á Suðurlandi. Hann er unninn í tengslum við LTG viðurkenninguna sem Suðurland fékk fyrir 2018.

Endurnýjun samninga við sveitarfélög

Öll sveitarfélög hafa nú gengið frá samningi við MSS. Framkvæmdastjóri fundaði með sveitarstjórnarfólki í Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Ölfusi og gengu þeir fundir vel. Fyrirhuguð er viðvera og fundir m.a. í Vestmannaeyjum.

Aðildarfyrirtæki

Þó nokkrir nýir aðilar komu inn m.a. fyrir Mannamót.

Annað

Nokkur verkefni komið inn á borð framkvæmdastjóra er varða Ferðamálasamtök Suðurlands. Unnið úr því eftir föngum en taka þarf til umræðu á aðalfundi hvert umboð framkvæmdastjóra er til slíkra ákvarðana og hvernig ber að leysa slík erindi. Til dæmis má nefna óskir um tilnefningu í nefndir og ráð.

Verkefni framundan

Fjármögnun, fjárhagsáætlun og samningar vegna 2018

- Grunnsamningur við Ferðamálastofu ekki enn tilbúinn, áframhaldandi vinna við að ná samningum framundan. Næstu viðbrögð eru hjá FMST. Ferðamálastjóri búinn að funda með stjórnnum markaðsstofanna á Suðurlandi, Norðurlandi og Austurlandi. Stjórn áréttar að mikilvægt sé að klára grunnfjármögnun til næstu þriggja ára.
- Erfitt að vinna fjárhagsáætlun fyrir þetta ár þegar grunnfjármögnun liggur ekki fyrir. En verið er að vinna að uppgjöri síðasta árs og munu skoðunarmenn reikninga fara yfir ársreikning 2017 fyrir aðalfund í apríl. Áframhaldandi ráðning starfsmanna veltur á að samningar við

Ferðamálastofu náist. Huga þarf að starfsmannasamtölum, skiptingu verkefna og ákvarða framhald/þunga DMP út frá væntanlegum samningi.

Sýningar og viðburðir

- Framkvæmdastjóri sækir ferðasýninguna **ITB Berlín** í þessari viku.
- Ferð vegna Vestnorden í áframhaldandi undirbúningi.

Verkefni SASS

- Áframhaldandi vinna er við ýmis verkefni með SASS, m.a. áhersluverkefni, í teymum og öðrum verkefnum. Umsóknarferli Uppbyggingarsjóðs í gangi.
- Viðvera og ráðgjöf MSS og SASS Víki, Kirkjubæjarklaustri og Vestmannaeyjum í undirbúningi.

Samstarfshópur um ferðamál

Fundur verður haldinn í hópnum í Ölfusi í mars. Nafn á hópnum hefur verið til umræðu en hann verður kallaður Faghópur sveitarfélaga í ferðapjónustu og verður lögð áhersla á að efla vitund á samstarfinu.

Áfangastaðaáætlanir DMP

Fundur með FMST vegna áfangastaðaáætlana í dag en óvíst er með framhaldið. Verkefnastjórar vilja skila fullunnu skjali sem ljóst er að ekki er möguleiki innan tímaramma. Fara á yfir málið með verkefnastjórum DMP hjá Ferðamálastofu.

Vefmál, blaðamannafyrirspurnir og samfélagsmiðlar

- Áframhaldandi vinna og efnissköpun út frá áherslum, kynning á nýju útliti og virkni viðburðadagatala, vinna við sveitarfélagasiður og fleira.
- Skipuleggja blaðamannaferð með Íslandsstofu.
- Skipuleggja kynningarferðir í vor fyrir íslenskar ferðaskrifstofur (apríl – júní).

Árshátíð, ársfundur og málþing – mikill fókus í það á næstunni

Mikil vinna fer í skipulag árshátíðardagsins á næstunni en hún verður haldin á Hótel Laka 13. apríl nk. Verið er að vinna dagskrá aðalfundar, málþings og örferðar. Einnig bóka skemmtun um kvöldið. Mikilvægt að stjórnarmenn hvetji einnig til þátttöku í deginum. Fyrir aðalfund þarf að ganga frá tilnefningum stofnaðila í stjórn og auglýsa eftir framboðum í tvö sæti á vegum Ferðamálasamtaka Suðurlands. Framkvæmdastjóri sendir póst á aðila MSS og óskar eftir framboðum.

Önnur mál

- Stjórnarkjör og áframhald til stjórnarsetu. Stjórnarformaður fer yfir hvernig því skuli háttað.

- Framkvæmdastjóri átti fund með lögfræðingi vegna mála BRÚ Lífeyrissjóðs. Hann útbjó bréf fyrir okkur sem framkvæmdastjóri sendi á sjóðinn. Gjaldþaga á kröfu hefur verið frestað þar til erindi hefur verið svarað.
- Rætt var um að óska eftir fundi með forsvarsmönnum upplýsingamiðstöðvarinnar hjá Höfuðborgarstofu og einnig voru bílastæðin við Seljalandsfoss til umræðu.